


BRENDA PREHAL

Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs í Hjaltadal.



Forsíðumynd: Túngarður í Hvammi. Horft til suðvesturs.



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga
2021/247

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Aðferðarfræði.....	5
Fornleifaskrá	7
Samantekt	14
Heimildaskrá	18
Fylgiskjöl	19

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráði fornleifar vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengs í Hjaltadal í Skagafirði að beiðni Rögnvaldar Guðmundssonar hjá RARIK.

Sumarið 2021 skráði Brenda Prehal hjá Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga minjar í sunnanverðum Hjaltadal vegna lagningar ljósleiðara (Brenda Prehal, 2021). Í þeim tilvikum þar sem fyrirhuguð lagnaleið jarðstrengs skaraðist við leið ljósleiðarans var notast við gögn úr fyrri skráningu og eru númer þeirra minja í sviga aftan við núverandi númer.

Fyrirhuguð lagnaleið er um 13,5km að lengd og liggur í gegnum land 12 jarða: Reykja, Hvamms, Hrafnhóls, Múla, Hlíðar, Kálfsstaða, Kjarvalsstaða, Nautabús, Ingveldarstaða, Skúfsstaða, Garðakots og Viðvíkur. Skráning á vettvangi fór fram þann 6. október 2021. Vettvangsvinna, með aðstoð frá Swanhild Ylfu K.R. Leifsdóttur, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2714

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>


staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær hleðsla í landi Kjarvalsstaða raðnúmerið 12 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [Kjarvalsstaðir 2714-12]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um einstaka minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem þær tilheyra sett framan við númerið til aðgreiningar.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda vegna jarðstrengs í Hjaltadal. Skráðir eru 15m til beggja hliða út frá strenglöggn.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).



Mynd 1. Minjar 2714-1 -4.

Reykir 2714-1 (2696-8)

Hlutverk: Stöðull, sumarfjós?

Tegund: Steinlögn

Hættumat: Mikil hætta – 3m austan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Um 120m NV af íbúðarhúsinu á Reykjum og rétt vestan við heimreiðina er steinlögn.

Lýsing

Samkvæmt Ástvaldi Jóhannessyni bónda á Reykjum er steinlögnin undirstöður þar sem mjólkaðar voru kýr (munnleg heimild: 24.06.21). Steinlögnin er um 3m x 3,5m að utanmáli og er illgreinanleg.



Mynd 2. Stöðull (2714-1), horft til sa, tekin sumarið 2021.

Reykir 2714-2 (2696-9)**Hlutverk:** Túnhreinsun**Tegund:** Þúst**Hættumat:** Mikil hætta – um 1,5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið**Staðhættir**

Um 170m NV af íbúðarhúsinu á Reykjum er þúst með töluverðu grjóti.

Lýsing

Samkvæmt Ástvaldi Jóhannessyni bónda eru þetta minjar um túnahreinsun (munnleg heimild: 24.06.21).



Mynd 3. Túnhreinsun (2714-2), horft til nv, tekin sumarið 2021.

Reykir 2714-3 (2696-10)**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hættumat:** Hætta - um 6,5m austan við fyrirhugaða lagnaleið**Staðhættir**

Um 190m NV af íbúðarhúsinu á Reykjum er tóft.

Lýsing

Tóftin er illgreinanleg, um 4m x 7m að utanmáli og liggur NA-SV. Hún er grasi gróin en sér í grjót í veggjum. Veggirnir eru um 40cm á hæð.



Mynd 4. Óþekkt tóft (2714-3), horft til nv tekin sumarið 2021.

Reykir 2714-4 (2696-11)**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Steinlögn**Hættumat:** Mikil hætta – um 5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið**Staðhættir**

Um 215m NV af íbúðarhúsinu á Reykjum, rétt austan við heimreiðina og beint suður af læk er steinlögn.

Lýsing

Steinlögnin er um 1,5m x 2m að utanmáli og liggur NV-SA.



Mynd 5. Óþekkt steinlögn, horft til na, tekin sumarið 2021.

Hvammur 2714-5 (2696-12)

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

Staðhættir

Um 120m suðaustur af íbúðarhúsinu í Hvammi er garðlag.


Lýsing

Garðlagið er úr grjóti og vel greinilegt. Það er um 460m langt, um 40cm hátt og um mest 1,5m á breidd. Garðlagið liggur NNA-SSV.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stefán Sigurgeirsson

bóndi í Hvammi 1903-1935 hlóð grjótgarð um Hvammstún að 2/3 hlutum en hinn hlutann girti hann með skurðum og gaddavír. Er grjótgarðurinn að ofan að hluta, niður að sunnan og síðan út og niður meðfram eyrunum“ (2011, bls. 106).



Mynd 6. 2714-5. Horft til suðvesturs eftir túngarðinum í Hvammi.

Hrafnhóll 2714-6 (2696-14)

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

Staðhættir

Um 235m SA af fjárhúsinu á Hrafnhóli og tæplega 20m vestan við Hjaltadalsveg er grjóthlaðin rétt.

Lýsing

Réttin er úr grjóti með torfi efst og liggur NA-SV. Hún er um 8,5m x 15m að utanmáli. Veggirnir eru um 2m á breidd og um 80cm á hæð. Hleðslan er vel greinanleg en er hluta grasi og mosa gróin.



Mynd 77. 2714-6. Horft til vesturs.

Hrafnhóll 2714-7 (2696-15)

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti Hrafnhóls frá 1916 lá heimreiðin lá að líkindum á sama stað og núverandi heimreið.

Lýsing

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni og þarna er nú akvegur.

Kálfsstaðir 2714-8

Sérheiti: Bænhúshóll

Hlutverk: Kirkja, kirkjugarður

Tegund: Mannvistarleifar

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir


Samkvæmt Guðnýju Zoëga (Munnleg heimild: 27.09.21) eru jarðlægar minjar kirkju og kirkjugarðs í túninu á Kálfsstöðum, um 40m norður af íbúðarhúsinu, norðan Hjaltadalsvegar.

Lýsing

Engin merki um kirkjugarðinn eða kirkjuna sjást á yfirborði. Þau fundust við vettvangskonnnun sumarið 2021. Garðurinn er allt að 20m í þvermál. Fyrirhugað er að grafa garðinn sumarið 2022. Rarik fékk upplýsingar um fundinn og vann með Minjastofnun Íslands að því að færa línuna. Jarðlægar minjar eru þar af leiðandi ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Aðrar upplýsingar

Kirkju á Kálfsstöðum er fyrst getið í Þorgils sögu skarða (Sturlunga saga 1946, bls. 200, 203). „Í Byggðasögu Skagafjarðar (2011, bls. 85-86) segir: „Árni Sveinsson bóndi á Kálfsstöðum 1923-1964 var mikill áhugamaður um sögu og fornan fróðleik. Hann gaf eftirfarandi lýsingu í bréfi til Margeirs Jónssonar árið 1942: „Fram af hlaðinu á Kálfsstöðum, ca. 20m frá bæjardyrnum [um 40m frá núverandi íbúðarhúsi], er hringmyndaður hóll sem nefndur er Bænhúshóll. Á honum eru grónar tóftarrústir. Hefur hús það sýnilega snúið eins og Hólakirkja, nokkuð öfugt við flest önnur hús í dalnum en nokkurn veginn rétt frá austri til vesturs eftir stjörnuáttum. Er hér því óefað um kirkju-eða bænhústóttir að ræða. Varpað hefur verið fram af hlaðinu ösku og rusli svo að nú er slétt af hólnum bæjarmegin. Ekki get ég séð þess merki nú hvenær bænhúsið eða kirkjan lagðist niður. Hér má því við bæta að á vesturgafli tóftarinnar mótaði fyrir dyrum.



Mynd 88. 2714-9 með fyrri fyrirhugaða lagnaleið.

Árni gróf síðar könnunarholu í Bænhústóftina og fann þar m.a. kljásteyna tvo og glerbrot sem benda til að húsið hafi síðast verið notað sem skemma. Síðsumars árið 1977 lét þáverandi Kálfsstaðabóndi jarðýtu skafa Bænhúshóllinn burtu með öllu saman svo þar sér ekki umul eftir.““

Kjarvalsstaðir 2714-9 (2696-51)

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Hætta – um 6m sunnan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Gamli bæjarhóllinn er um 55m suður af íbúðarhúsinu á Kjarvalsstöðum.



Mynd 99. 2714-9. Horft til suðvesturs.

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 30m x 40m að utanmáli og grasi gróinn. Búið er að slétta bæjarhólinn og engar minjar eru sjáanlegar. Það má þó gera ráð fyrir jarðlægum minjum.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar (2011, bls. 80) segir: „Gamli bærinn. Timburhúsið á Kjarvalsstöðum var byggt 1908, bærinn þá færður um set 20 metra utar og neðar á hólinn“.

Kjarvalsstaðir 2714-10 (2696-54)

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

Staðhættir

Um 460m SV af íbúðarhúsinu á Kjarvalsstöðum og 360m norðaustur af íbúðarhúsinu á Nautabúi er gata.



Mynd 10. 2714-10. Horft til norðurs.

Lýsing

Gatan er vel greinanleg og grasi og mosa gróin. Hún er um 335m löng og liggur í NV-SA á milli Nautabús og Kjarvalsstaða. Gatan var að hluta mæld á vettvangi og að hluta teiknuð af loftmynd.

Kjarvalsstaðir 2714-11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinlögn

Hættumat: Hætta – 8,5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Um 140m austan við Nautabúsá er steinlögn.

Lýsing

Steinlögnin er um 50cm í þvermál og er hringlaga. Hún gæti verið náttúruleg.



Mynd 11. Steinlögn (2714-11).

Kjarvalsstaðir 2714-12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinlögn

Hættumat: Mikil hætta – 2,5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Um 80m austan við Nautabúsá og um 7m austan við leið [2714-14] er steinlögn.

Lýsing

Steinlögnin er um 1m í þvermáli og er hringlaga. Hún gæti verið náttúruleg.



Mynd 12. Steinlögn (2714-12).

Kjarvalsstaðir 2714-13 (2696-55)

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

Staðhættir

Um 155m austur af íbúðarhúsinu á Nautabúi austan við Nautabúsá er gata.

Lýsing

Gatan liggur N-S meðfram austanverðri Nautabúsá og er um 1,8km löng. Hún er vel greinanleg og grasi gróin. Gatan var að hluta mæld á vettvangi og að hluta teiknuð af loftmynd.



Mynd 13. 2714-13. Horft til norðurs.

Skúfsstaðir 2714-14

Sérheiti: Hrishálsvegur

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Hrishálsvegur lá áður um land Skúfsstaða en hann er að hluta kominn undir tún. Lagnaleiðin hefði þverað veginn, þar sem nú er tún, um 315m suðvestur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Hrishálsvegur er kominn í tún á þessum slóðum og ólíklegt að jarðlægar minjar séu enn til staðar (Landmælingar Íslands, 2021).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar (2011, bls. 18) segir: „Hrishálsvegur, sem er fjölfarinn, liggur frá hreppamótum, eða landamerkjum Hringvers og Garðakots, yfir Garðakots- og Skúfsstaðalönd, um bæjarhlað á Skúfsstöðum, þaðan yfir Skúfsstaða- og Nautabúsáreyrar suður á Kjarvalsstaðahólma og þar yfir Hjaltadalsá, hvar hann kemur á sýsluvegin“.

Dalsmynni 2714-15

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Gamla þjóðleiðin lá af Hrishálsvegi yfir land Garðakots og niður að Hjaltadalsá.

Lýsing

Búið er að slétta yfir hluta gömlu þjóðleiðarinnar, þar sem hún hefði mætt fyrirhugaðri lagnaleið og hún komin í tún (Landmælingar Íslands, 2021). Ekki er talið að jarðlægar minjar séu til staðar.

Viðvík 2714-16 (2696-68)

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

Staðhættir

Gömul gata liggur austan með heimreiðinni að Viðvík og er einnig greinileg ofan Hólavegar og liggur upp að Hríshálsvegi.

Lýsing

Gatan er vel greinanleg og grasi og mosa gróin. Hún er um 540m á lengd, þar af er hún 160m löng norðan Hólavegar en 380m löng sunnan hans.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar (2010) segir: „Önnur aðalleið um Viðvíkurhrepp var Hríshálsvegur sem lá frá Gljúfuráreyrum neðan Ásgeirsbrekku og um hlaðið í Enni ofan Hringvers. Frá veginum voru götur niður að Víðvík (bls. 193) ...Leiðin nýttist einnig íbúum úr framhluta Viðvíkurhrepps til kirkju í Viðvík og meðan þingstaður hreppsins var þar, en hann var fluttur að Læk eftir Læjarhúsið var byggt 1924 (bls. 192).“



Mynd 1510. 2714-16. Horft til norðvesturs.

Samantekt

Skráðar voru 13 minjar á lagnaleiðinni, þar af einn bæjarhóll [2714-10], túngarður [2714-5], þrjár leiðir [2714-11, 2714-14, 2714-17], jarðlægar minjar kirkjugarðs og kirkju [2714-9], stöðull [2714-1], rétt [2714-6], tóft [2714-3], grjóthrúga eftir túnhreinsun [2714-2], steinlögn [2714-4] og tvær hleðslur [2714-12, 2714-13]. Af 13 minjum voru 10 minjar metnar í mikilli hættu, þrjár minjar voru metnar í hættu en ein ekki í hættu. Þrjár minjar voru horfnar.

Hér að neðan er stutt samantekt yfir minjar á lagnaleiðinni.

Reykir

Fjórar minjar fundust innan 15m frá lagnaleið í landi Reykja. Af þessum þremur minjum eru stöðull [2714-1], túnhreinsun [2714-2] og steinlögn [2714-4] í mikilli hættu en tóft [2714-3] er talin í hættu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Með því að hliðra lagnaleið til vesturs um nokkra metra mætti forða minjum frá raski.

Frá Reykjum að Hvammi

Minjar fundust ekki á leiðinni frá Reykjum að Hvammi.

Hvammur

Túngarður [2714-5] er í lagnaleið og er í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Tillögur að mótvægisaðgerðum:

Með því að hliðra lagnaleið til norðurs um nokkra metra meðfram heimreiðinni mætti forða minjum frá raski.

Frá Hvammi að Hrafnhóli

Engar minjar fundust á leiðinni frá Hvammi að Hrafnhóli.

Hrafnhóll

Rétt [2714-6] er talin í mikilli hættu.

Tillögur að mótvægisaðgerðum:

Með því að hliðra lagnaleið til austurs um nokkra metra meðfram heimreiðinni mætti forða minjum frá raski.

Frá Hrafnhóli að Múla

Engar minjar fundust á leiðinni frá Hrafnhóli að Múla.

Frá Múla að Hlíð

Engar minjar fundust á leiðinni frá Múla að Hlíð.

Kálfsstaðir

Jarðlægar minjar kirkju og kirkjugarðs [2714-9] eru taldar ekki í hættu. Fyrirhuguð lagnaleið hefur verið færð til norðurs í samráði við Minjastofnun Íslands til að forða minjunum raski.

Frá Kálfsstöðum að Kjarvalsstöðum

Minjar fundust ekki á leiðinni frá Kálfsstöðum að Kjarvalsstöðum.

Kjarvalsstaðir

Bæjarhóll [2714-9] er talinn í hættu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Lagt er til að minjarnar verði merktar til þess að koma í veg fyrir að minjarnar verði fyrir raski við framkvæmdir.

Frá Kjarvalsstöðum að Nautabúi

Fernar minjar fundust á leiðinni frá Kjarvalsstöðum að Nautabúi, leiðir [2714-11, 2714-14] og hleðslur [2714-12, 2714-13]. Leiðir [2714-11, 2714-14] og hleðsla [2714-12] eru í mikilli hættu og hleðsla [2714-13] er í hættu vegna framkvæmda.

Nautabúi

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Nautabús.

Frá Nautabúi að Ingveldarstöðum

Minjar fundust ekki á leiðinni frá Nautabúi að Ingveldarstöðum.

Ingveldarstaðir

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Ingveldarstaða.

Frá Ingveldarstöðum að Skúfsstöðum

Minjar fundust ekki á leiðinni frá Ingveldarstöðum að Skúfsstöðum.

Skúfsstaðir

Leið [2714-15] er í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Frá Skúfsstöðum að Garðakoti

Minjar fundust ekki á leiðinni frá Skúfsstöðum að Garðakoti.

Garðakot

Minjar fundust ekki innan 15m frá lagnaleið í landi Garðakots.

Frá Garðakoti að Dalsmynni

Minjar fundust ekki á leiðinni frá Garðakoti að Dalsmynni.

Dalsmynni

Leið [2714-16] er í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Frá Dalsmynni að Viðvík

Engar minjar fundust á leiðinni frá Dalsmynni að Viðvík.

Viðvík

Leið [2714-17] er í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunnar.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar. Rípurhreppur-Viðvíkurhreppur. Fimmta bindi.* Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2010.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar. Hólahreppur. Sjötta bindi.* Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2011.

Sturlunga saga. Síðara bindi. Reykjavík: Sturlunguútgáfan, 1946.

Túnakort

Hrafnhóll, K. Kristinsson, 1916

Heimildarmenn

Ástvaldur Jóhannesson (Reykir) 24.06.21

Guðný Zoëga. 27.09.21.


Stafrænar heimildir

Landmælingar	Íslands.	IS50V	Örnefni.
https://www.lmi.is/is/landupplýsingar/gagnagrunnar/nidurhal .		Útgáfa	02.09.2021. Sótt
26.10.21.			


Fylgiskjöl

Fornleifar í Hjaltadal – hnitaskrá


Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Fjarlægð frá línu	Austun	Norðun
2714-1	Reykir	Stöðull	Steinlögn	1700	1950	Ill greinanleg	Mikil hætta	3m	496008	573680
2714-2	Reykir	Túnhreinsun	Þúst	1700	1900	Greinanleg	Mikil hætta	1,5	495971	573721
2714-3	Reykir	Óþekkt	Tóft	1500	1900	Ill greinanleg	Hætta	6,5m	495969	573743
2714-4	Reykir	Óþekkt	Steinlögn	1500	1900	Ill greinanleg	Mikil hætta	5m	495959	573757
2714-5	Hvammur	Túngarður	Garðlag	1920	1980	Vel greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	495068	575737
2714-6	Hrafnhóll	Rétt	Hleðsla	1800	1950	Vel greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	494871	577934
2714-7	Hrafnhóll	Heimreið	Heimild	1600	1950	Horfin	Horfin	-	494869	578241
2714-8	Kálfsstaðir	Kirkjugarður	Mannvistarleifar	1000	1700	Óþekkt	Engin hætta	4,5m	492407	582313
2714-9	Kjarvalsstaðir	Bæjarhóll	Hóll	800	1949	Greinanleg	Hætta	6m	491291	582997
2714-10	Kjarvalsstaðir	Leið	Gata	800	1900	Vel greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	490881	582845
2714-11	Kjarvalsstaðir	Óþekkt	Hleðsla	800	1900	Vel greinanleg	Hætta	8,5m	490846	582767
2714-12	Kjarvalsstaðir	Óþekkt	Hleðsla	800	1900	Vel greinanleg	Mikil hætta	2,5m	490794	582663
2714-13	Kjarvalsstaðir	Leið	Gata	1500	1900	Greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	490789	582649
2714-14	Skúfsstaðir	Vegur	Heimild	800	1954	Horfin	Horfin	-	489716	583279
2714-15	Dalsmynni	Leið	Heimild	800	1950	Horfin	Horfin	-	488372	584104
2714-16	Viðvík	Leið	Gata	1300	1950	Vel greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	487110	584765




Kort 1. Reykir að Hvammi.



Kort 2. Hrafnhóll að Múla.



Kort 3. Kálfsstaðir að Kjarvalsstöðum



Kort 4. Kjarvalsstaðir að Viðvík